



537. Stjórnarfundur haldinn 13. febrúar 2020 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES), Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild Kelfavíkur vegna vinnustofu um stefnu og leiðbeiningar um verndun og verðferð barna. **Móttakið og EH mætti á vinnustofuna.**

Tölvupóstur frá Birgir Sverrissyni lyfjaeftirliti Íslands „Uppljóstrunakerfi fyrir lyfjaeftirlit í íþróttum“ **Móttakið og sent á deildir.**

Tölvupóstur frá ÍSÍ Lífshlaup 5. febrúar. **Móttakið.**

Tölvupóstur frá Atla Sigurðarsyni „Sala á Bláa naglanum“ Móttakið og sent á deildir.

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur áframsendur á stjórnir deilda.

4. Aðalfundur deilda og félagsins

Aðalfundir deilda eru búnir. Tvö bronsmerki voru veitt Ernu Ósk Steinarsdóttur og Lindu Hlín Heiðarsdóttur fimleikadeild. Nýr formaður tekin við í fimleikadeild Linda Hlín Heiðarsdóttir. Eitt gullmerki veitt Ólafi Birgi Bjarnasyni og eitt bronsmerki veitt Ágústi Páli Árnasyni knattspyrnudeild. Minnisblað fyrir aðalfund félagsins lá fyrir og allt orðið klárt. EH fór yfir skýrslu stjórnar og ÞMK yfir reikning félagsins. Afkoman er jákvæð. Stjórnarmenn undirrituðu reikning félagsins. Umræður um fundarsókn á aðalfundi deilda, en hún var vægast sagt döpur. Hvernig er hægt að bregðast við því að auka fundarsóknina? **Ákveðið að næsta stjórn skoði málið og athugi hvað sé til ráða.** Einnig umræður um afkomu deilda og hvernig eftirliti væri háttáð gagnvart deildum. **Ákveðið að næsta stjórn fari yfir þau mál.**

5. Nýr starfsmaður

Búið er að auglýsa eftir starfsmanni í Víkurfréttum, heimsíðunni og á facebook Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

6. Önnur mál

EH sat vinnustofu hjá KSÍ um stefnu og leiðbeiningar um verndun og verðferð barna.

BMB og ES sögðu frá fundi sem þau áttu með Davíð Erni Óskarssyni varðandi gerð á örvídeóum sem kynningu á íþróttagreinum innan félagsins og er þá verið að huga að börnum að erlendum uppruna sem ekki eru að stunda íþróttir. Stefnt að vera búið að gera örvídeóin í haust og þau klár á heimasíðunni.

Næsta stjórn kallar eftir nöfnum í nefnd um gerð nýrra heimasíðu.

EH lagði til að frá farandi stjórn ásamt þeirri stjórn sem kjörin yrði að aðalfundinum 17. febrúar færi saman út að borða. **Samþykkt.**

Næsti fundur verður 27. febrúar kl. 18:00

Fundi slitið kl. 20:00 .

Fundinn ritaði BS.

